

**A 1667**

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00234-1

Þingmannatillaga um skrifstofu í Brussel fyrir Norðurlandaráð

Fyrsta markmiðið með umbótum í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni er að gera norrænt samstarf pólitískara. Flokkahópur miðjumanna telur að pólitískara norrænt samstarf krefjist nærveru þar sem valdið liggur og ákvarðanir eru teknar. Þess vegna verður að gera tengsl Norðurlandaráðs við Evrópuþingið skilmerkilegri og auðveldari með beinum aðgerðum.

Norræn nærvera í Evrópuþinginu og tengsl við norræna ESB-þingmenn er í hæsta máta viðeigandi. Flokkahópur miðjumanna leggur því til að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin í sameiningu setji á fót skrifstofu og einn erindreka í Brussel til þess að veita norrænu samstarfi aukið pólitískt afl og vægi.

Á liðnum árum hafa viðbrögðin verið gríðarlega jákvæð meðal norrænu ESB-þingmannanna þegar fulltrúar Norðurlandaráðs hafa heimsótt Evrópuþingið til þess að ræða t.d. málefni Eystrasaltsins, sýklalyfjaónæmi, sjávarútvegsmál og landbúnað. Skrifstofa í Brussel fyrir Norðurlandaráð gæti líka veitt norrænu ESB-þingmönnum eðlilegan fundarstað almennt séð.

Verkefni erindrekans væri að skipuleggja norræna fundi norrænu ESB-þingmannanna og starfsfólks þeirra, sem og fundi um ákveðin málefni og viðburði milli Evrópuþingmannanna og þingmanna Norðurlandaráðs og fulltrúa Norrænu ráðherranefndarinnar. Erindrekinn ætti einnig að hafa það hlutverk að miðla upplýsingum til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, með skýrslum eða tölvupósti, um hvernig málefnum tengdum Norðurlöndunum miðar fram í Brussel. Erindrekinn ætti að miðla upplýsingum til skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og í ákveðnum málum til hlutaðeigandi þingmanna frá ólíkum löndum á reglubundinn hátt til þess að tryggja að upplýsingarnar komi að sem bestu gagni. Erindrekinn ætti einnig að hafa það hlutverk að vera í fararbroddi við kynningu á Norðurlandaráði innan ESB og koma á víðtæku tengslaneti í Brussel. Skrifstofan gæti verið í eigin rými eða í húsnæði annarra samtaka, allt eftir kostum til samskipta og hagkvæmni.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin setji á stofn sameiginlega skrifstofu í Brussel á árinu 2017

Kaupmannahöfn 1. október 2015

Anders Eriksson (ÁF)

Arto Pirttilahti (cent)

Carl Haglund (sv)

Hanna Kosonen (cent)

Johanna Karimäki (gröna)

Katri Kulmuni (cent)

Lars Tysklind (FP)

Mikko Kärnä (cent)

Morten Løkkegaard (V)

Penilla Gunther (KD)

Staffan Danielsson (C)

Villum Christensen (LA)

Norðurlandaráð

A 1667

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00234-1

Norðurlandaráð

A 1667

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00234-1